

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

Miðvikudaginn 18. mars 2009 kl. 13:00 kom landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 90. fundar í Fundarsal Ráðhúss.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Farið yfir framkomnar athugasemdir við ákvæði Fjallaskilasamþykktar Húnaþings vestra.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður Sigtryggur Sigurvaldason, kynnti framkomnar athugasemdir frá fjallaskilastjórnnum um einstök ákvæði fjallaskilasamþykktar sveitarfélagsins. Athugasemdir bárust frá Fjallaskiladeild Vesturhóps, Fjallaskiladeild Hrútfirðinga og Fjallaskiladeild Víðdælinga. Almennt rætt um framkomnar athugasemdir. landbúnaðarráð samþykkir að fresta frekari umfjöllun en ráðið mun fara yfir skýrslu sem lögð var fram á Búnaðarþingi fyrr í þessum mánuði þar sem fjallað er um fjallskilamál. Í skýrslunni er bent á atriði sem betur mættu fara varðandi fjallskilamál en Búnaðarþing hefur samþykkt að senda skýrsluna til sveitarstjórna til kynningar.
2. Önnur mál eru engin.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:55.

Þorsteinn B. Helgason(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),

Örn Óli Andrésen(sign.),

Agnar Jónsson(sign.),

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).